




Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Vestfjarða



Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.  
Gísli Halldórsson.

Hafnarstræti 10  
400 Ísafjörður

14. febrúar 2017  
MÍ201702-0091/ 6.05 / E.Í.

## Skrúður í Dýrafirði, þjónustuhús og friðun.

Minjastofnun Íslands barst til eyrna „mögulega ályktun bæjarráðs vegna samkomulags um svokallað verndarsvæði umhverfis garðinn Skrúð“ nr. 2017010006. Af því tilefni vill Minjastofnun Íslands benda á að skrúðgarðurinn Skrúður í Dýrafirði fellur undir ákvæði um friðaðar menningarminjar.

Einar Ísaksson

einar@minjastofnun.is

Í 1. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast menningarminjar *ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.*

Þriðja grein laganna segir: *Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar...*

Skrúður var stofnaður árið 1909 og er þar með yfir 100 ára gamall og telst því friðaður. 5. grein laga um menningarminjar segir: *Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra.*

22. grein segir: *Friðhelgað svæði skal vera 15 metrar.*

29. grein: *Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Í ljósi ofanefndra laga vill Minjastofnun benda á að allt rask og/eða framkvæmdir innan 15 metra friðhelgi Skrúðs eru óheimilar

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

og enn fremur leggst stofnunin á móti hverskyns framkvæmdum í nágrenni Skrúðs sem gætu spillt aðkomu og ásýnd garðsins.

Ef til stendur að að hefja einhverskonar framkvæmdir við Skrúð skal það gert með vitund Minjastofnunar Íslands og tilkynna skal allar fyrirhugaðar framkvæmdir með amk. fjögurra vikna fyrirvara sbr. 23. grein laga um menningarminjar.

Einnig skal tekið fram að sveitarfélögum er skylt að láta skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá deiliskipulagi eða breytingum á deiliskipulagi, sbr. 16. grein laga um menningarminjar.

Virðingarfyllt,



Einar Ísaksson



Minjastofnun Íslands  
Minjavörður Vestfjarða  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Afrit sent: Skipulagsstofnun, Ritari bæjarráðs Ísafjarðar,  
Axel Rodriguez Överby, Arna Lára Jónsdóttir, Kristján Andri  
Guðjónsson, Daníel Jakobsson.